

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2008/EES/3/01</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4896 – CVC Capital Partners/Katopé International) . . . . .	<b>1</b>
<b>2008/EES/3/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4949 – Sonepar/Hagemeyer) . . . . .	<b>2</b>
<b>2008/EES/3/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4963 – Rexel/Hagemeyer) . . . . .	<b>3</b>
<b>2008/EES/3/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5014 – EQT/SAG) . . . . .	<b>4</b>
<b>2008/EES/3/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5019 – Holtzbrinck/Seven One/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>5</b>
<b>2008/EES/3/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5021 – Mercapital/Carlyle/Arsys Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>6</b>
<b>2008/EES/3/07</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5029 – Sonepar/Roxel Germany) . . . . .	<b>7</b>

<b>2008/EES/3/08</b>	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer C 45/07 (áður NN 51/07) – Skattvildun í mynd afskrifta á reiknaðri viðskiptavild við kaup á umtalsverðum eignarhluta í erlendu félagi Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans. . . . .	8
<b>2008/EES/3/09</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu á gildistíma bandalagsleiðbeininga um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar. . . . .	8
<b>2008/EES/3/10</b>	Framlenging og breyting á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við þrjár áætlunarflugleiðir í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92. . . . .	8
<b>2008/EES/3/11</b>	Tilkynning franskra stjórnvalda um breytingu á almannajónustukvöðum sem lagðar hafa verið í tengslum við áætlunarflug milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari annars vegar og Marseille, Nice og Parísar (Orly) hins vegar. . . . .	9
<b>2008/EES/3/12</b>	GR-Elliniko: Flugrekstur – áætlunarflug – Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útboð á samningum um rekstur þriggja áætlunarflugleiða sem eru háðar almannajónustukvöðum, birt í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92. . . . .	9
<b>2008/EES/3/13</b>	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- eða gasleitar, „Château-Thierry-leyfið“). . . . .	10
<b>2008/EES/3/14</b>	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- eða gasleitar, „Pontenx-leyfið“). . . . .	11
<b>2008/EES/3/15</b>	Áætlunin Virk æska 2007–2013 – Útgáfa Leiðarvísis um áætlunina sem gildir frá 1. janúar 2008 . . . . .	12
<b>2008/EES/3/16</b>	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/28/07 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa og samvinnu milli dreifenda – „Valvíst“ kerfi . . . . .	15
<b>2008/EES/3/17</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um gildistöku dag bókana um upprunareglur sem hafa að geyma ákvæði um „stighækkandi uppsöfnunarkerfi“ og gerðar hafa verið milli Evrópubandalagsins, Alsirs, Egyptalands, Færeyja, Íslands, Ísraels, Jórdaníu, Líbanons, Marokkós, Noregs, Sviss (ásamt Liechtenstein), Sírlands, Túniss, Tyrklands og Vesturbakkans og Gasastrandarinnar . . . . .	16

### 3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/3/01

#### (Mál COMP/M.4896 – CVC Capital Partners/Katopé International)

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið De Weide Blik NV, sem er undir yfirráðum hins lúxemborgska CVC Capital Partners Group S.a.r.l. („CVC“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Katopé International SA („Katopé“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - De Weide Blik NV: framleiðsla, innflutningur, útflutningur, höndlun, flutningur og geymsla á nýjum ávöxtum, grænmeti, blómum, blómlaukum, jurtum og hraðréttum
  - Katopé: framleiðsla, innflutningur, útflutningur, pökkun og dreifing á hitabeltisávöxtum, sítrusávöxtum og ávöxtum utan ræktunartíma heima fyrir, ásamt grænmeti
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 11, 16. janúar 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4896 – CVC Capital Partners/Katopé International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4949 – Sonepar/Hagemeyer)**

2008/EES/3/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Sonepar SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í allri atvinnustarfsemi hollenska fyrirtækisins Hagemeyer NV í Austurríki og Svíþjóð og litlum hluta starfsemi þess í Þýskalandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sonepar SA: heiltsöludreifing á raftækjum og raflagnaefni, auk búnaðar til hitunar, loftræsingar og loftkælingar og rafeindatækja til heimilis- og einkanota
  - Hagemeyer NV: heiltsöludreifing á raftækjum, búnaði til hitunar, loftræsingar og loftkælingar, rafeindatækjum til heimilis- og einkanota og viðhalds-, viðgerða- og rekstrarvörum (þar á meðal hlífðarbúnaði fyrir fagfólk)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 12. janúar 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4949 – Sonepar/Hagemeyer, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4963 – Rexel/Hagemeyer)**

2008/EES/3/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Rexel SA öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 21. desember 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í starfsemi hollenska fyrirtækisins Hagemeyer NV í eftirtöldum aðildar-rikjum Evrópska efnahagssvæðisins: Belgíu, Tékklandi, Þýskalandi (að frátöldum sex útibúum), Eistland, Finnlandi, Írlandi, Lettlandi, Litháen, Hollandi, Noregi, Póllandi, Spáni og Bretlandi, en jafnframt í Rússlandi, ásamt umboðs- og raftækjajadeild Hagemeyer, sem starfar víða um heim.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rexel SA: heildsöludreifing á raftækjum, búnaði til hitunar, loftræsingar og loftkælingar og hvítvöru og brúnvöru, auk lítilsháttar magns af hlífðarbúnaði fyrir fagfólk
  - Hagemeyer NV: heildsöludreifing á raftækjum, búnaði til hitunar, loftræsingar og loftkælingar, hvítvöru og brúnvöru og viðhalds-, viðgerða- og rekstrarvörum (þar á meðal hlífðarbúnaði fyrir fagfólk), en jafnframt (gegnum umboðs- og raftækjajadeildina) heildsöludreifing á tilteknum almennum raftækjum í Hollandi, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og dreifing á tilteknum munaðarvörum (úrum, tískuvöru og snyrtivöru) í Honkong, Kína, á Taívan, í Suður-Kóreu og í Indónesíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 12. janúar 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4963 – Rexel/Hagemeyer, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5014 – EQT/SAG)**

2008/EES/3/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið EQT V Limited („EQT“), sem er skráð á Ermarsundseyjum og tilheyrir EQT-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu SAG GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EQT: fjárfestingasjóður
  - SAG: þjónusta við orkuveitur, einkum hönnun og viðhald veitukerfa, háspennulína og tengivirkja og landmælingaþjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 12, 17. janúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5014 – EQT/SAG, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5019 – Holtzbrinck/Seven One/JV)**

2008/EES/3/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Holtzbrinck eLAB GmbH („eLAB“), dótturfyrirtæki hins þýska Georg von Holtzbrinck GmbH & Co. KG („Holtzbrinck“), og Seven One Intermedia GmbH („SEVEN ONE“), dótturfyrirtæki hins þýska ProSieben-Sat.1 Media AG („P7S1“) sem er sjálft undir yfirráðum Kohlberg Kravis Roberts & Co. („KKR“), sem er skráð í Bandaríkjunum, og Permira Holdings Limited („Permira“), sem er skráð á Ermarsundseyjum, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - eLAB: þróun notendamiðaðs lýðnets- og farsímahugbúnaðar
  - Holtzbrinck: útgáfufélög, dagblöð, vikublöð um stjórnmál, rafræn miðlun og þjónusta
  - Seven One: textavarp, lýðnetsþjónusta, farsímaþjónusta, viðbótarþjónusta við simnotendur, búnaður fyrir rafræn viðskipti
  - P7S1: sjónvarpssendingar utan áskriftar
  - KKR: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Permira: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Sameiginlega fyrirtækið: sala ferðaþjónustu á lýðnetinu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 11, 16. janúar 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5019 – Holtzbrinck/Seven One/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5021 – Mercapital/Carlyle/Arsys Group)**

2008/EES/3/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Mercapital Private Equity SGECR, SA, sem er undir yfirráðum hins spænska Mercapital SL, og CETP Participations S.a.r.l. SICAR, sem er undir yfirráðum hins bandaríska Carlyle Group, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænska fyrirtækinu Arsys Group.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Mercapital: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Carlyle: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum um allan heim
  - Arsys Group: hýsingarþjónusta á lýðnetinu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 9, 15. janúar 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5021 – Mercapital/Carlyle/Arsys Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5029 – Sonepar/Rexel Germany)**

2008/EES/3/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. janúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Sonepar SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í starfsemi fyrirtækisins Rexel SA í Þýskalandi og Lúxemborg („Rexel Þýskalandi“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sonepar SA: heildsöludreifing á raftækjum og raflagnaefni, búnaði til hitunar, loftræsingar og loftkælingar og rafeindatækjum til heimilis- og einkanota
  - Rexel Þýskalandi: heildsöludreifing á raftækjum og raflagnaefni, búnaði til hitunar, loftræsingar og loftkælingar og rafeindatækjum til heimilis- og einkanota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 12. janúar 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5029 – Sonepar/Rexel Germany, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ríkisaðstoð – Spánn****2008/EES/3/08****Málsnúmer C 45/07 (áður NN 51/07) – Skattvilkun í mynd afskrifta á reiknaðri viðskiptavild við kaup á umtalsverðum eignarhluta í erlendu félagi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 311, 21.12.2007](#).

Frankvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate D  
Rue de la Loi/Wetstraat, 200  
B-1049 Brussel/Bruxelles  
Bréfasími +32 (0)22 96 95 80

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Spáni. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu á gildistíma bandalagsleiðbeininga um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar****2008/EES/3/09**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að framlengja gildistíma núgildandi bandalagsleiðbeininga um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar (sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 37, 3.2.2001*, bls. 3) og skulu þær gilda allt þar til nýjar leiðbeiningar verða gefnar út, þó ekki lengur en til 30. apríl 2008.

**Framlenging og breyting á almannáþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við þrjár áætlunarflugleiðir í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92****2008/EES/3/10**

Stjórnvöld á Grikklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að 1. maí 2008 taki gildi framlenging og breyting á almannáþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflugleiðirnar Ródos-Kastelórizo, Atena-Skíros og Þessaloníki-Skíros sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 312* hinn 17. desember 2004 og *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 164* hinn 10. júlí 2002, bls. 16.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 311, 21.12.2007](#).

**Tilkynning franskra stjórnvalda um breytingu á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið í tengslum við áætlunarflug milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari annars vegar og Marseille, Nice og Parísar (Orly) hins vegar** **2008/EES/3/11**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta ákvæðum um almannaþjónustukvaðir sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari annars vegar og Marseille og Nice hins vegar, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 149 hinn 21. júní 2005, bls. 7, og Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari annars vegar og Parísar (Orly) hins vegar, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 149 hinn 21. júní 2005, bls. 12.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 314, 22.12.2007](#).

**GR-Elliniko: Flugrekstur – áætlunarflug**

**2008/EES/3/12**

**Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útböð á samningum um rekstur þriggja áætlunarflugleiða sem eru háðar almannaþjónustukvöðum, birt í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

Stjórnvöld á Grikklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannaþjónustukvaðir vegna áætlunarflugs á eftirtöldum leiðum:

- Ródos–Kastelórizo
- Atena–Skíros
- Þessaloníki–Skíros

Upplýsingar um almannaþjónustukvaðirnar birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 311 hinn 21.12.2007.

Hafi enginn flugrekandi tilkynnt grísku flugmálastjórninni (Civil Aviation Authority) fyrir 31. mars 2008 að hann hyggist stunda áætlunarflug á einni eða fleiri ofangreindra leiða frá 1. maí 2008 að telja, í samræmi við áhvílandi almannaþjónustukvaðir og án þess að krefjast endurgjalds, hyggjast stjórnvöld á Grikklandi takmarka flugrekstur á einni eða fleiri ofangreindra leiða (sbr. neðangreint) við einn flugrekanda um þriggja ára skeið, í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, og bjóða út í almennu útböð heimild til að halda úti flugi á viðkomandi leiðum frá 1. maí 2008.

Sérleyfi til að halda úti áætlunarflugi á eftirtöldum leiðum samkvæmt almannaþjónustukvöðum um þriggja ára skeið frá 1. maí 2008 að telja. Áætlunarleiðirnar eru þessar:

- Ródos–Kastelórizo
- Atena–Skíros
- Þessaloníki–Skíros

Áætlunarflug á þessum leiðum skal fara fram í samræmi við samsvarandi almannaþjónustukvaðir sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 311 hinn 21. desember 2007. Þjóðendur geta lagt fram tilboð í eina eða fleiri ofangreindra flugleiða. Þó ber að leggja fram sérstakt tilboð fyrir hverja flugleið.

Útboðsgögnin í heild, m.a. útboðslýsing, fylgiskjöl sem krafist er vegna þátttöku í útböðinu og ýmis önnur gögn, fást endurgjaldslaus hjá: Hellenic Civil Aviation Authority, Directorate for Air Operations, Section II, Vas. Georgiou 1, GR-166 04 Elliniko, sími (30-210) 891 61 49 or 891 61 21, bréfasími (30-210) 894 71 01.

Tilboð skulu send í fimmriti í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á neðangreint pósthfang eða afhent á sama stað gegn kvittun:

Ministry of Transport and Communications, Civil Aviation Authority, Directorate-General for Air Transport, Directorate for Air Operations, Section II, Vasileos Georgiou 1, GR-16604 Elliniko.

Frestur til að leggja fram tilboð er til kl. 12 á hádegis á 32. degi eftir að útboðsauglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 314, 22.12.2007, bls. 37). Ef tilboð eru send í pósti verða þau að berast áður en þessi frestur er liðinn og ræður þá tíminn sem skráður er á móttökukvittunina.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 314, 22.12.2007](#).

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>** **2008/EES/3/13**

*(Auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- eða gasleitar, „Château-Thierry-leyfið“)*

Fyrirtækið Toreador Energy France, sem er skráð að 9, rue Scribe, F-75009 Paris, hefur með umsókn frá 3. júlí 2007 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem nefnt er „Château-Thierry-leyfið“, til að leita að olíu eða gasi á svæði sem er hér um bil 779 km<sup>2</sup> og liggur í sýslunum Aisne, Seine-et-Marne og Marne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mættast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	0,80°A	54,50°N
B	1,40°A	54,50°N
C	1,40°A	54,37°N
D	1,38°A	54,37°N
E	1,38°A	54,33°N
F	1,36°A	54,33°N
G	1,36°A	53,30°N
H	0,80°A	53,30°N

**Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa**

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 310, 20.12.2007, bls. 33), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi, sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. apríl 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar. Umsóknunum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sem mælt er fyrir um í 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 3. júlí 2009.

#### Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar fást í ráðuneyti umhverfismála og sjálfbærrar þróunar og skipulags: Ministère de l'écologie, du développement et de l'aménagement durables (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími +33 (0)1 44 97 23 02, bréfasími +33 (0)1 44 97 05 70).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á eftirfarandi slóð:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

#### Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup> 2008/EES/3/14

(Auglýsing um umsókn um sérleyfi til olíu- eða gasleitar, „Pontenx-leyfið“)

Fyrirtækin Egdon Resources (New Ventures) Ltd, skráð að Suite 2, 90–96 High Street, Odiham, Hampshire, RG29 1LP (Bretlandi), Eagle Energy Limited, skráð að 21 Beresford Avenue, East Twickenham, TW1 2PY (Bretlandi) og Nautical Petroleum Plc, skráð að Parnell House, 25 Wilton Road, London SW1V 1YD (Bretlandi) hafa með umsókn frá 14. júní 2007 farið fram á sérleyfi til fimm ára, „Pontenx-leyfið“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 387 km<sup>2</sup> og liggur í sýslunni Landes.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur A: Skurðpunktur breiddarbaugsins á 49,20°N og strandar Atlantshafs.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
B	3,90°V	49,20°N
C	3,90°V	49,24°N
D	3,82°V	49,24°N
E	3,74°V	49,26°N
F	3,74°V	49,28°N
G	3,77°V	49,30°N
H	3,70°V	49,30°N
I	3,70°V	49,25°N
J	3,71°V	49,25°N
K	3,71°V	49,24°N
L	3,74°V	49,24°N
M	3,74°V	49,22°N
N	3,70°V	49,22°N
O	3,70°V	49,20°N
P	3,60°V	49,20°N
Q	3,60°V	49,10°N

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Hornpunktur R: Skurðpunktur breiddarbaugsins á 49,10°N og strandar Atlantshafs.

Skurðpunktur A til R: Strönd Atlantshafs.

### Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 310, 20.12.2007, bls. 35), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi, sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. apríl 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar. Umsóknunum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sem mælt er fyrir um í 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 18. júní 2009.

### Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar fást í ráðuneyti umhverfismála og sjálfbærrar þróunar og skipulags: Ministère de l'écologie, du développement et de l'aménagement durables (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími +33 (0)1 44 97 23 02, bréfasími +33 (0)1 44 97 05 70).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á eftirfarandi slóð:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

## ÁÆTLUNIN VIRK ÆSKA 2007–2013

2008/EES/3/15

### Útgáfa Leiðarvísis um áætlunina sem gildir frá 1. janúar 2008

#### Inngangur

Evrópuþingið og ráðið samþykktu 15. nóvember 2006 ákvörðun nr. 1719/2006/EB<sup>(1)</sup> um að koma á áætluninni „Virk æska“ fyrir tímabilið 2007–2013. Leiðbeiningar um framkvæmd áætlunarinnar og hvernig hugsanlegir styrkþegar eiga að standa að umsóknum um styrki bandalagsins er að finna í heftinu Leiðarvísir að áætluninni Virk æska.

#### I. Fyrirvari

Leiðarvísirinn er ekki lagalega bindandi fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmd áætlunarinnar Virk æska á árinu 2008, í samræmi við leiðarvísirinn, er undir því komin að fjárlög Evrópusambandsins fyrir árið 2008 hljóti samþykki fjárveitingavaldsins.

<sup>(1)</sup> OJ L 327, 24.11.2006, p. 6.

## II. Markmið og forgangsröðun

Áætluninni Virk æska eru sett eftirtalin markmið í löggjöfnni sem liggur henni til grundvallar:

- Að efla borgarastarf æskufólks almennt og borgarastarf þeirra á Evrópuvettvangi sérstaklega
- Að stuðla að samstöðu og umburðarlyndi meðal æskufólks, einkum í því skyni að efla félagslega samheldni í Evrópusambandinu
- Að efla gagnkvæman skilning milli æskufólks í mismunandi löndum
- Að stuðla að bættum stuðningskerfum æskulýðsstarfs og aukinni virkni almennasamtaka sem starfa á því sviði
- Að efla samstarf Evrópuríkja á sviði æskulýðsmála

Þegar unnið er að þessum almennu markmiðum í tengslum við einstök verkefni skulu eftirtalin varanleg forgangsráðgjörðir tekið til greina:

- Evrópsk þjóðarkennd
- Þátttaka æskufólks
- Menningarleg fjölbreytni
- Þátttaka ungmenna sem standa höllum fæti

## III. Uppbygging áætlunarinnar Virk æska

Gert er ráð fyrir að markmiðum áætlunarinnar Virk æska verði náð með fimm tegundum aðgerða.

### Aðgerð 1 – *Æskan í Evrópu*

Í leiðarvísinum er kveðið á um stuðning við eftirtaldir undiraðgerðir:

- Undiraðgerð 1.1 – Ungmennaskipti: Með ungmennaskiptum gefst hópum æskufólks frá ólíkum löndum tækifæri til að hittast og kynnst menningu annarra. Hóparnir skipuleggja ungmennaskiptin í sameiningu á grundvelli sameiginlegs áhugamáls.
- Undiraðgerð 1.2 – Framtak fyrir æskufólk: Framtak fyrir æskufólk er til þess ætlað að styðja við hópverkefni sem eru unnin á vettvangi sveitarfélaga, héraða eða á landsvísu. Einnig er stuðlað að tengslum svipaðra verkefna í mismunandi löndum í því skyni að styrkja Evrópuþátt þeirra og efla samvinnu og skoðanaskipti ungmenna.
- Undiraðgerð 1.3 – Lýðræðisverkefni ungmenna: Lýðræðisverkefni ungmenna eru til þess ætluð að auka þátttöku æskufólks í lýðræðisstarfi á vettvangi sveitarfélaga, héraða eða á landsvísu, svo og á alþjóðavettvangi.

### Aðgerð 2 – *Evrópska sjálfbodaþjónustan*

Þessi aðgerð er til þess ætluð að efla þátttöku æskufólks í ýmsum tegundum sjálfboda starfs, jafnt innan sem utan Evrópusambandsins. Þessi aðgerð byggist á þátttöku ungmenna, sem einstaklinga eða í hópum, í ólaunuðu sjálfboda starfi sem er unnið erlendis og miðast ekki við hagnað.

### Aðgerð 3 – *Æska heimsins*

Í leiðarvísinum er kveðið á um stuðning við eftirtalda undiraðgerð:

- Undiraðgerð 3.1 – Samstarf við nágrannaríki Evrópusambandsins: Þessi undiraðgerð er til stuðnings verkefnum sem unnin eru í samvinnu við nálæg samstarfsríki Evrópusambandsins, þ.e. ungmennaskipti og fræðslu- og tengslaverkefni á sviði æskulýðsstarfs.

#### Aðgerð 4 – Stuðningskerfi fyrir ungmenni

Í leiðarvísinum er kveðið á um stuðning við eftirtalda undiraðgerð:

- Undiraðgerð 4.3 – Fræðsla og tengslamyndun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum og í æskulýðs-samtökum: Þessari undiraðgerð er einkum ætlað að stuðla að miðlun reynslu, sérfræðipækk-ingar og góðra vinnubragða, ásamt því að styrkja starfsemi sem getur leitt af sér langvarandi og vönduð verkefni, samvinnu og tengslanet.

#### Aðgerð 5 – Stuðningur við Evrópusamstarf á sviði æskulýðsmála

Í leiðarvísinum er kveðið á um stuðning við eftirtalda undiraðgerð:

- Undiraðgerð 5.1 – Fundir ungmenna og þeirra sem bera ábyrgð á stefnu á sviði æskulýðsmála: Þessari undiraðgerð er ætlað að styrkja samstarf, málþing og skipulögð skoðanaskipti ungmenna, þeirra sem starfa að æskulýðsmálum og þeirra sem bera ábyrgð á stefnu á sviði æskulýðsmála.

### IV. Hlutgengir umsækjendur

Tekið verður við umsóknum frá:

- sjálfseignarfélögum og óháðum félagasamtökum,
- opinberum stofnunum á vegum sveitarfélaga og héraðsstjórna,
- óformlegum samtökum ungmenna,
- stofnunum sem starfa að æskulýðsmálum á Evrópuvísu,
- alþjóðasamtökum sem eru ekki rekin í ágóðaskyni,
- samtökum sem eru rekin í ágóðaskyni og standa fyrir viðburði á sviði æskulýðsmála, íþrótta eða menningar.

Umsækjendur verða að hafa stöðu lögaðila í einu ríkjanna sem eiga aðild að áætluninni eða í einu samstarfsríkjanna á vestanverðum Balkanskaga.

Sumar aðgerðir áætlunarinnar beinast þó að þrengra hópi verkefnastofnana. Hlutgengi verkefnastofnana, sem sækja um styrki, er því skilgreint sérstaklega í leiðarvísinum fyrir hverja aðgerð/undiraðgerð.

### V. Hlutgeng ríki

Eftirtalin ríki eiga aðgang að áætluninni:

- a) Aðildarríki Evrópusambandsins
- b) Þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum, í samræmi við ákvæði þess samnings (Ísland, Liechtenstein og Noregur)
- c) Ríki sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu og njóta ákvæða áætlunar um slík ríki, í samræmi við almenn sjónarmið og almenn skilyrði og tilhögun sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir hafa verið við þessi ríki vegna þátttöku þeirra í bandalags-áætlunum
- d) Ríki utan Evrópusambandsins sem hafa gert samninga við bandalagið á sviði æskulýðsmála

Sumar aðgerðir áætlunarinnar beinast þó að þrengra hópi ríkja. Hlutgengi ríkja er því skilgreint sérstaklega í leiðarvísinum fyrir hverja aðgerð/undiraðgerð.

### VI. Fjárveiting og gildistími

Heildarfjárveiting vegna áætlunarinnar er 885 milljónir evra á árunum 2007–2013. Árlegar fjárveitingar eru háðar ákvörðun fjárveitingavaldsins.



## VII. Nánari upplýsingar

Um nánari upplýsingar, m.a. skilafresti vegna styrkumsókna, sjá leiðarvísi fyrir áætlunina Virk æska á eftirfarandi vefsetrum:

<http://ec.europa.eu/youth>

[http://eacea.ec.europa.eu/youth/index\\_en.htm](http://eacea.ec.europa.eu/youth/index_en.htm)

MEDIA 2007

2008/EES/3/16

### AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/28/07

Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa og samvinnu milli dreifenda – „Valvíst“ kerfi

#### 1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sameiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007 til 2013.

#### 2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í aðildarríkjum Evrópusambandsins, löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi) og Sviss og eru undir yfirráðum ríkisborgara þessara landa.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

#### 3. Fjárveiting og lengd verkefna

Fé, sem er til ráðstöfunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að hámarki 12 250 000 evra og ræðst af fjárveitingu vegna ársins 2008.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Hámarks lengd verkefna er 16 mánuðir.

#### 4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 1. apríl 2008 og 1. júlí 2008.

#### 5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:

<http://ec.europa.eu/media>

Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum heildartextans og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um gildistöku dag bókana um upprunareglur sem hafa að geyma ákvæði um „stighækkandi uppsöfnunarkerfi“ og gerðar hafa verið milli Evrópubandalagsins, Alsírs, Egyptalands, Færeyja, Íslands, Ísraels, Jórdaníu, Líbanons, Marokkós, Noregs, Sviss (ásamt Liechtenstein), Sýrlands, Túniss, Tyrkland og Vesturbakkans og Gasastrandarinnar**

2008/EES/3/17

Til þess að koma á „stighækkandi uppsöfnun“ milli Evrópubandalagsins, Alsírs, Egyptalands, Færeyja, Íslands, Ísraels, Jórdaníu, Líbanons, Marokkós, Noregs, Sviss (ásamt Liechtenstein), Sýrlands, Túniss, Tyrkland og Vesturbakkans og Gasastrandarinnar senda bandalagið og hlutaðeigandi ríki hvert öðru tilkynningar, fyrir milligöngu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um upprunareglur sem eru í gildi gagnvart hinum ríkjunum.

Meðfylgjandi tafla er byggð á tilkynningum frá hlutaðeigandi löndum og sýnir bókanir um upprunareglur sem hafa að geyma ákvæði um stighækkandi uppsöfnun og gildistöku dag slíkrar uppsöfnunar í hverju tilviki. Taflan kemur í stað þeirrar sem síðast var birt (Stjtið. ESB C 271, 14.11.2007).

Hafa ber í huga að uppsöfnun getur aðeins átt sér stað ef lokaframleiðsluríki og lokaviðtökuríki hafa gert fríverslunarsamninga með samhljóða upprunareglum við öll ríkin sem eiga þátt í sköpun upprunaréttindanna, þ.e. við öll upprunaríki efnanna sem notuð eru. Efni, sem eiga uppruna sinn í ríki sem hefur ekki gert samning við lokaframleiðsluríkið og lokaviðtökuríkið, teljast án upprunaréttinda. Sértek dæmi um þetta eru gefin í skýringum með sameiginlegum bókunum Evrópuríkja og Miðjarðarhafsríkja um upprunareglur <sup>(1)</sup>.

Einnig er rétt að hafa í huga að:

- Sviss og Furstadæmið Liechtenstein hafa með sér tollabandalag,
- á Evrópska efnahagssvæðinu, sem tekur til Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs, er gildistöku dagurinn 1. nóvember 2005.

Landakóðar samkvæmt staðlinum ISO-Alpha-2 fyrir löndin í töflunni eru sem hér segir:

– Alsír	DZ
– Egyptaland	EG
– Færeyjar	FO
– Ísland	IS
– Ísrael	IL
– Jórdanía	JO
– Líbanon	LB
– Liechtenstein	LI
– Marokkó	MA
– Noregur	NO
– Sviss	CH
– Sýrland	SY
– Túnis	TN
– Tyrkland	TR
– Vesturbakkinn og Gasaströnd	PS

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 83, 17.4.2007, bls. 1.

## Gildistökudagur bókana um upprunareglur sem hafa að geyma ákvæði um stíghækkandi uppsöfnun á sameiginlegu svæði Evrópuríkja og Miðjarðarhafsríkja

	ESB	DZ	CH (EFTA)	EG	FO	IL	IS (EFTA)	JO	LB	LI (EFTA)	MA	NO (EFTA)	PS	SY	TN	TR
ESB		1.11.2007	1.1.2006	1.3.2006	1.12.2005	1.1.2006	1.1.2006	1.7.2006		1.1.2006	1.12.2005	1.1.2006			1.8.2006	( <sup>1</sup> )
DZ	1.11.2007															
CH (EFTA)	1.1.2006			1.8.2007	1.1.2006	1.7.2005	1.8.2005	17.7.2007	1.1.2007	1.8.2005	1.3.2005	1.8.2005			1.6.2005	1.9.2007
EG	1.3.2006		1.8.2007				1.8.2007	6.7.2006		1.8.2007	6.7.2006	1.8.2007			6.7.2006	1.3.2007
FO	1.12.2006		1.1.2006				1.11.2005			1.1.2006		1.12.2005				
IL	1.1.2006		1.7.2005				1.7.2005	9.2.2006		1.7.2005		1.7.2005				1.3.2006
IS (EFTA)	1.1.2006		1.8.2005	1.8.2007	1.11.2005	1.7.2005		17.7.2007	1.1.2007	1.8.2005	1.3.2005	1.8.2005			1.3.2006	1.9.2007
JO	1.7.2006		17.7.2007	6.7.2006		9.2.2006	17.7.2007			17.7.2007	6.7.2006	17.7.2007			6.7.2006	
LB			1.1.2007				1.1.2007			1.1.2007		1.1.2007				
LI (EFTA)	1.1.2006		1.8.2005	1.8.2007	1.1.2006	1.7.2005	1.8.2005	17.7.2007	1.1.2007		1.3.2005	1.8.2005			1.6.2005	1.9.2007
MA	1.12.2005		1.3.2005	6.7.2006			1.3.2005	6.7.2006		1.3.2005		1.3.2005			6.7.2006	1.1.2006
NO (EFTA)	1.1.2006		1.8.2005	1.8.2007	1.12.2005	1.7.2005	1.8.2005	17.7.2007	1.1.2007	1.8.2005	1.3.2005				1.8.2005	1.9.2007
PS																
SY																
TN	1.8.2006		1.6.2005	6.7.2006			1.3.2006	6.7.2006		1.6.2005	6.7.2006	1.8.2005				1.7.2005
TR	( <sup>1</sup> )		1.9.2007	1.3.2007		1.3.2006	1.9.2007			1.9.2007	1.1.2006	1.9.2007			1.7.2005	

(<sup>1</sup>) Að því er varðar varning, sem fellur undir tollabandlag Evrópubandalagsins og Tyrkland, er gildistökudagurinn 27. júlí 2006.

Að því er varðar landbúnaðarafurðir er gildistökudagurinn 1. janúar 2007.

Að því er varðar kol og stálafurðir hefur stíghækkandi uppsöfnun ekki enn verið komið á.